

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 167/2015

2016/EES/69/38

frá 11. júní 2015

## um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/345 frá 2. mars 2015 um breytingu á ákvörðunum 2009/563/EB, 2009/564/EB, 2009/578/EB, 2010/18/EB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB og 2011/383/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB), lið 2g (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/563/EB), lið 2h (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB), lið 2m (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/578/EB), lið 2p (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/564/EB) og lið 2zb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB):

„– **32015 R 0345:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/345 frá 2. mars 2015 (Stjtið. ESB L 60, 4.3.2015, bls. 39).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 2r (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB) og lið 2t (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB):

„eins og henni var breytt með:

– **32015 R 0345:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/345 frá 2. mars 2015 (Stjtið. ESB L 60, 4.3.2015, bls. 39).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2015/345, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 60, 4.3.2015, bls. 39.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.